
URBAN – Evróskt frumkvæði um þáttöku ungmenna í borgaragarðyrkju

Garðyrkja í þéttbýli er ekki aðeins leið til þess að rækta grænmeti með sjálfbærum hætti, það er líka leið til að kynnast öðru fólki og öðlast nýja færni. Sýnt hefur fram í rannsóknum að slík þátttaka felur í sér mikinn ávinning svo sem að auka félagsauð og samfélagsþróun.

Borgaragarðar eru vettvangur til að efla félagslega þátttöku með uppbyggilegu starfi og framlagi til samfélagsins, skapa tengsl og öðlast nýja færni. Í þessu samhengi var URBAN verkefnið sett af stað af KMOP – Social Action and Innovation Center (Grikkland), BUPNET (Þýskaland), Einurð (Ísland), Xwhy (Litháen), Amadora Inova (Portúgal) og KMOP Skopje (Norður-Makedónía) þar sem áherslan er á – „Að efla ungmennastarf tengt borgaragarðyrkju“. Verkefninu er ætlað að vekja athygli og fræða sveitarfélög um mikilvægi garðyrkju og hvernig má nýta slíkan vettvang til að styðja við og vinna með viðkvæmum hópum á jaðri samfélagsins, svo sem ungt fólk, innflytjendur og flóttafólk. URBAN verkefnið horfir einnig til þess hvernig garðyrkja í þéttbýli er liður í því að takast á við loftlagsbreytingar og stuðla að sjálfbærri þróun í þéttbýli.

URBAN ætlar að ná markmiðum sínum með því að þróa þjálfunar- og námsgögn, sem styðja við faglega þróun þátttakenda og kennara/ráðgjafa á sviði garðyrkju; virkja þátttöku ungmenna sem eru í jaðarstöðu í samfélaginu og þróa þjálfunaráætlun sem byggir á starfsemi og tengist uppsetningu og viðhaldi garðyrkju í þéttbýli.

Verkefnið byrjaði formlega í Júlí og fyrsti fundur samstarfsaðila fór fram á netinu. Samstarfsaðilar hafa þegar þróað rannsóknarpakka sem gerir þeim kleift að taka viðtöl við ungt fólk og sérfræðinga í þéttbýlisgarðyrkju, í því skyna að þróa „Eco URBAN garðyrkjuhandbók“, sem mun innhalda sannreyndar aðferðir við garðyrkju í þéttbýli.



URBAN verkefnið er styrkt af Erasmus+ framkvæmdasjóði Evrópusambandsins og mun standa yfir í 24 mánuði (júní 2020 - maí 2022). Verkefnið er útfært með áætlun sex reyndra samstarfsaðila í Grikklandi, Þýskalandi, Portúgal, Litháen, Íslandi og Norður Makedoníu, undir forystu KMOP – Social Action and Innovation Center.

Fyrir frekar upplýsingar um verkefnið getur þú farið á vefsíðu þess

<https://www.urbangardeningproject.eu/>, Facebook síðu <https://www.facebook.com/urbangardeningproject/>,

eða með því að senda okkur tölvupóst á info@urbangardening.eu.